

Fræðslusjóður
Ársreikningur 2019

Skipholti 50B
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Fræðslusjóði

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslusjóðs fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2019 og efnahag hans 31. desember 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Fræðslusjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Fræðslusjóðs og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 6. maí 2020

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fræðslusjóður var stofnaður í lok ársins 2010 en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Farið er með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Ekkert stöðugildi var hjá sjóðnum á árinu.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu

Stjórn Fræðslusjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2020

Stjórn:

Hellen M. Gunnarsdóttir
Finnbogi Sveinbjörnsson
Halldór Grönvold
Karl Rúnar Þórsson
Klara Baldursdóttir Briem
Margrét Sigurðardóttir
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Magnús Ingvason

Framkvæmdastjóri:

Sveinn Aðalsteinsson

Rekstrarreikningur 2019

Rekstrartekjur	Skýr.	2019	2018
Framlag frá ríkissjóði		815.900.000	795.500.000
Gjöld umfram tekjur	3	30.685.799	113.905.747
		<u>846.585.799</u>	<u>909.405.747</u>
Rekstrargjöld			
Kennsla og námskeiðahald		539.587.975	557.210.367
Raunfærnimat		138.092.892	144.544.068
Náms- og starfsráðgjöf		135.705.620	147.779.048
Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu	4	34.737.000	62.694.000
		<u>848.123.487</u>	<u>912.227.483</u>
	Rekstrarafkoma	(1.537.688)	(2.821.736)
Fjáreignatekjur			
Vaxtatekjur að frádrögnum fjármagnstekjuskatti		1.537.688	2.821.736
		<u>1.537.688</u>	<u>2.821.736</u>
	Afkoma ársins	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	46.525.708	75.626.294
Handbært fé		19.519.689	25.596.483
Veltufjármunir samtals		<u>66.045.397</u>	<u>101.222.777</u>

Eignir samtals 66.045.397 101.222.777

31. desember 2019

Óráðstafað fjármagn og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Óráðstafað fjármagn			
Óráðstafað frá fyrra ári		42.615.416	156.521.163
Gjöld umfram tekjur	3	(30.685.799)	(113.905.747)
Óráðstafað fjármagn samtals		<u>11.929.617</u>	<u>42.615.416</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir	6	<u>54.115.780</u>	<u>58.607.361</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>54.115.780</u>	<u>58.607.361</u>
Skuldir samtals		<u>54.115.780</u>	<u>58.607.361</u>
Óráðstafað fjármagn og skuldir samtals		<u><u>66.045.397</u></u>	<u><u>101.222.777</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt áður en tekjur eru færðar:

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekis samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skýringar

3. Gjöld umfram tekjur

Samkvæmt skilmálum Fræðslusjóðs ber samstarfsaðilum sjóðsins að endurgreiða sjóðnum hafi framkvæmd ársins verið lægri en úthlutun sjóðsins.

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Úthlutað á árinu	(900.073.045)	(999.528.336)
Endurgreiðslur á árinu	51.949.558	87.300.853
Rekstrargjöld	<u>(848.123.487)</u>	<u>(912.227.483)</u>
Framlag ríkissjóðs til úthlutunar á árinu	815.900.000	795.500.000
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti	1.537.688	2.821.736
Rekstrargjöld	(848.123.487)	(912.227.483)
Gjöld umfram tekjur	<u>(30.685.799)</u>	<u>(113.905.747)</u>

4. Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu

Veitt var til 13 verkefna árið 2019 í framhaldi af auglýsingu sjóðsins, samtals kr. 35.357.000.

Verkefni sem unnið var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. lauk á árinu og eftirstöðvar af því verkefni, kr. 620.000 voru greiddar aftur til Fræðslusjóðs. Til samanburðar voru á árinu 2018 veittar kr. 62.694.000 til 14 verkefna, þar af voru veittar kr. 28.000.000 til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf.

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Gerum betur ehf.	0	3.000.000
Austurbrú ses.	0	3.000.000
Framvegis	1.992.000	3.554.000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	(620.000)	28.000.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	0	3.000.000
Fræðslunetið á Suðurlandi	3.000.000	3.000.000
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	0	3.000.000
Fræðslusetrið Starfsmennt	3.000.000	0
Iðan fræðslusetur	2.859.000	2.500.000
IÐAN fræðslusetur	2.859.000	1.485.000
KOMPÁS Þekkingarsamfélagið / GoGet ehf.	0	2.200.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	2.383.000	0
Mímir símenntun	5.715.000	1.380.000
MSS	0	5.700.000
Rakel Sigurgeirsdóttir	3.000.000	0
Símenntunarmiðstöð á Vesturlandi	1.191.000	0
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	3.000.000	875.000
Sólborg Jónsdóttir	1.811.000	0
Trappa ehf.	2.402.000	0
Þekkingarnet Þingeyinga	2.145.000	2.000.000
	<u><u>34.737.000</u></u>	<u><u>62.694.000</u></u>

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru vegna verkefna sem hafa ekki verið kláruð en veitt hefur verið fjármagn fyrir.

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Austurbrú ses.	3.552.108	0
Farskólinn-miðstöð símenntunar	1.175.250	5.105.970
Framvegis miðstöð símenntunar	1.147.833	3.116.700
Fræðslu/símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum	1.507.650	4.819.236
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4.524.250	4.800.250
Fræðslunetið-símentun ses.	6.343.600	2.348.600
Fræðslusetrið starfsmennt	2.270.500	1.758.500
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	3.025.600	1.259.100
Iðan fræðslusetur	1.718.000	10.021.425
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	3.544.800	3.925.183
Mímir-símenntun ehf	4.545.592	11.977.800
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	4.900.800	19.174.705
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	7.608.725	5.995.925
Þekkingarnet Þingeyinga	661.000	1.322.900
Viðskiptakröfur samtals	<u>46.525.708</u>	<u>75.626.294</u>

Skýringar

6. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru komnar til vegna þess að gerðir hafa verið samningar um styrki gegn ákveðnum skilyrðum. Þangað til að þessum skilyrðum er mætt er bókuð skuld í bókum sjóðsins.

Skammtímaskuldir greinast þannig:

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Austurbrú ses.	2.120.820	2.655.000
Farskólinn-miðstöð símenntunar	0	82.610
Framvegis miðstöð símenntunar	4.052.000	4.884.000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	7.500.000	17.990.971
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	915.180	1.800.000
Fræðslunetið-símenntun ses	4.932.000	7.663.390
Fræðslusetrið Starfsmennt	1.800.000	0
Gerum betur ehf.	900.000	1.800.000
GoGet ehf.	1.320.000	1.320.000
Háskólafélag Suðurlands ehf.	696.000	696.000
Iðan fræðslusetur	5.591.000	4.693.910
Kvasir, samtök fræðslu/símenntunar	0	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	3.180.100	3.835.450
Mímir-símenntun ehf.	5.767.000	1.501.830
Rafiðnarskólinn	855.000	1.710.000
Rakel Sigurgeirsdóttir	1.800.000	429.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	4.892.720	3.955.840
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	1.069.960	0
Sólborg Jónsdóttir	1.086.000	0
Trappa ehf.	1.442.000	0
Þekkingarnet Þingeyinga	4.196.000	3.589.360
Skammtímaskuldir samtals	<u>54.115.780</u>	<u>58.607.361</u>

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Áhrif COVID-19 faraldurs á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi sjóðsins en að mati stjórnar og umsýsluaðila sjóðsins hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi sjóðsins.

Undirritunarsíða

Ingunn Hafdís Hauksdóttir

Hellen Magnea Gunnarsdóttir

Finnbogi Sveinbjörnsson

Halldór Þór Grönvold

Karl Rúnar Þórsson

Klara Soffía Baldursd. Briem

Margrét Sigurðardóttir

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Jóhanna Klara Stefánsdóttir

Magnús Ingvason

Undirritunarsíða

Sveinn Aðalsteinsson